

FUNDARGERÐ

379. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, var haldinn 22. september 2016 kl. 9.00 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Brynjólfur Sigurðsson, Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Guðrún Árnadóttir, Helgi Pétursson, Hrafn Magnússon, Anna Þrúður Þorkelsdóttir, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, Reynir Vilhjálmsson og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Auk þess sátu fundinn Ásdís Skúladóttir og Bryndís Haagán frá Gráa hernum vegna liðar 1.

Þetta gerðist:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt

1. Borgarafundurinn 28. september

Háskólabíó frátekið. Tryggja þarf með öllum ráðum að fólk mæti á fundinn. Ljóst er að framboð / frummælendur verða 13 því þarf að takmarka ræðutíma hvers og eins. Fyrirkomulag verður þannig að formaður FEB opnar fundinn með stuttu ávarpi. Fundarstjórar sem verða Helgi Pétursson og Stefanía Magnúsdóttir kynna gesti og fara yfir fyrirkomulag. Næst fá framsögumenn 2 mín. hver, síðan verður opnað fyrir fyrirspurnir úr sal. Svör og síðan fá framsögumenn 40 sekúndur fyrir sitt lokaávarp. Að síðustu lokar formaður fundinum. Áhersluatriði fundarins eru sem áður;

- ENGAR SKERÐINGAR
- EKKI „ÞEGAR“ HELDUR EFTIRLAUNAFÓLK
- 40 ÞÚSUND ATKVÆÐI
- 300 ÞÚSUND KRÓNA LÁGMARK
- VIÐ ERUM BÚIN AÐ BORGA ÞETTA

Kostnaðaráætlun er um 1200 þúsund og er þar leiga á salnum og auglýsingar stærsti þátturinn. Sent / streymt verður frá fundinum á feb.is, mbl.is og visir.is. Stefnt er að mætingu stjórnarmanna og Gráa hersins til undirbúnings kl. 18.00.

2. Staða mála vegna frumvarps um breytingar á lögum um almannatryggingar

Þórunn, Hrafn og Gísli voru boðuð og mættu fund velferðarnefndar Alþingis fyrir viku þar sem farið var yfir umsögn og áherslur FEB gagnvart frumvarpinu. Þar voru einnig á sama tíma núverandi og fyrrverandi formenn LEB. Í máli þeirra koma fram mikill vilji og þess var hreinlega krafist að þingmenn samþykki drögin að frumvarpinu í óbreyttri mynd. Farið var yfir kosti og galla frumvarpsins. „Þjóðarsálin“ vill að allir fái lágmark 300 þúsund kr. Samþykkt að halda til streitu og leggja enn frekari áherslu á umsögn FEB á frumvarpinu sem send var velferðarnefnd og ráðherra. Þar kemur fram m.a. að FEB getur með engu móti samþykkt óbreytt þau drög að frumvarpi til laga um almannatryggingar sem fyrir liggur. Þó mörg atriði frumvarpsins séu vissulega til bóta frá því kerfi sem nú er í gildi varðandi almannatryggingar, eru of mörg önnur atriði í drögunum sem ekki eru ásættanleg í óbreyttri mynd.

3. Önnur mál

Lóðamál við Árskóga aðeins rædd þar sem staðan er enn við það sama hvað varðar umfjöllun OR/Veitna og borgarinnar um flutninga á rorum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 10.40.